

**Stofnanasamningur
Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST)
og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) skv. ákvæðum 11. kafla
kjarasamnings félagsins og HAUST, dags. 1. nóvember 2005
Endurskoðun / uppfærsla dags. 14.1.2013**

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, HAUST. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og Heilbrigðisnefndar Austurlands, sem einnig er stjórn Byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandi dags. 1.11.2005.

2. Almennar skilgreiningar

Með launaflokki er átt við launaflokk í samningum FÍN og ríkisins eins og þeir eru á hverjum tíma. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3. Skilgreining starfsheita og röðun í ramma og flokka

Skilgreining á starfsheitum og röðun í launaflokka byggist m.a. á viðvarandi verksviði, ábyrgð og menntun.

Starfsheiti hjá HAUST:

Framkvæmdastjóri
Staðgengill framkvæmdastjóra
Sviðsstjórar
Heilbrigðisfulltrúar
Almennir starfsmenn

Sérhæfing er á eftifarandi sviðum:

Matvælaeftirlit
Umhverfiseftirlit
Heilbrigðiseftirlit
Eiturefnaeftirlit
Sorpþál
o.fl.

Menntunarkröfur til starfsmanna:

(Skv. kröfum reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa):
Háskólapróf í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti eða skyldum greinum auk sérmáms eða starfsreynslu sem nýtist í heilbrigðiseftirliti.
Leyfisbréf frá ráðherra v/ starfsheitis

4. Röðun starfsheita í launaflokka

Lágmarksröðun

flokkur

Framkvæmdastjórar: Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Að vera ábyrgur fyrir samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

31

Sviðsstjóri eða verkefnisstjóri sem skilgreindur er sem staðgengill framkvæmdastjóra Auk þess að uppfylla það sem krafist er af öðrum heilbrigðisfulltrúum þarf hann ávallt að hafa yfirlit yfir störf á öðrum sviðum eftirlitsins svo og helstu reglugerðir og annað er varðar þau svið svo hann sé ávallt hæfur til að grípa rétt inn þegar þörf gerist. **26**

Sviðsstjóri sem ekki er staðgengill framkvæmdastjóra hafi sömu röðun í grunn og heilbrigðisfulltrúar en hækki um a.m.k. 4 flokka **20**

Heilbrigðisfulltrúar: Starfið felst fyrst og fremst í því að nota vísindalega þekkingu og hugtök til að leysa verkefni. Starfið felur í sér umsjón verkefna og/eða málaflokka. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu og/eða stjórnun á áætlanagerð, kostnaðareftirlit eða viðvarandi verkefnastjórnun. **14**

| **Almennir starfsmenn** sem eru ráðnir að heilbrigðiseftirlitinu til ákveðinna afmarkaðra verkefna, sem unnin eru undir stjórn annarra svo og starfsmenn í heilbrigðiseftirlitinu, sem ekki hafa leyfisbréf frá ráðherra **6**

4.1 Þættir sem bætast við grunnröðun

Raða skal í launaflokk m.t.t.:

- a) einstaklingsbundinna þátta
- b) starfsbundinna þátta.

Fyrir þá þætti sem bætast við grunnröðun eru gefin stig, uppsöfnuðum stigum er síðan breytt í launaflokka fyrir einstök starfsheit samkvæmt töflu í grein 4.3

4.2.1 Einstaklingsbundnir þættir

Menntun:

Hækkun milli flokka vegna menntunar:

Vegna BS prófs 240 ECTS ein. 1 stig

Vegna MS prófs 2 stig

Vegna doktorsprófs 4 stig

Viðbótarmenntun:

30 eininga skipulegt nám á háskólastigi sem nýtist í starfi: 1 stig.

Önnur menntun er metin í réttu hlutfalli við það sem hér er nefnt að ofan. T.d. eru 60ECTS eininga kennsluréttindi eru metin til eins stigs.

Endurmenntun:

Endur- og símenntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

Námskeið vega minnst 1 ECTS einingu og mest 10 ECTS einingar. Námskeið séu haldin af viðurkenndum

aðilum (s.s Endurmenntunarstofnun HÍ, stéttarfélögum eða fagfélögum).

Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 20 ECTS einingar. Þátttaka í fagráðstefnum getur gefið allt að 6 ECTS einingum mest ef þátttakandi er sjálfur fyrirlesari. Einingafjöldi og gildi námskeiða skal staðfest af samstarfsnefnd FÍN og HAUST 40 ECTS einingar eru metnar til $\frac{1}{3}$ stigs.

Hámarksfjöldi stiga sem faest með endurmenntun eru 3 stig.

Reynsla:

Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við:

- a) vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið
 - b) nám og vinnu á fagsviði að loknu BSc/BA prófi
- Í öllum tilfellum skal vera um að ræða reynslu sem nýtist í starfi fyrir Heilbrigðiseftirlitið.
- 1 ár í starfi 1 stig
 5 ár í starfi 2 stig til viðbótar

4.2.2 Starfsbundnir þættir

Mat á starfsbundnum þáttum fer fram árlega og getur leitt til hækjunar á launum. Mati skal lokið í nóvemberlok ár hvert. Svo að tryggt sé að ákvörðun sé tekin með málefnalegum hætti og jafnrædis sé gætt fer fulltrúi stéttarfélags árlega yfir matið.

Álag

Ábyrgð

Umfang starfs

Frammistaða

Leiðbeining og fræðsla

Virk þátttaka út á við i kynningar- og uppfræðslustarfi

Vinna með nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum

Þættirnir eru metnir til stiga, hver þáttur gefur hæst 1/3 stig.

4.3 Stigum breytt í launaflokka

Stig samkvæmt greinum 4.2.1 og 4.2.2 skulu lögð saman og breytt í viðbótarlaunaflokka ofan á grunnröðun samkvæmt eftirfarandi töflu. Störf skiptast þannig í starfaflokka að í starfaflokki 1 eru forstöðumaður og sviðsstjóri/verkefnisstjóri og í starfaflokki 2 eru heilbrigðisfulltrúi og almennir starfsmenn:

Stig	Viðbótarlaunaflokkar	
	Starfaflokkur 1	Starfaflokkur 2
1	2	1
2	3	2
3	5	3
4	6	4
5	8	5
6	9	6
7	11	7
8	12	8
9	14	9
10	15	10
11	17	11
12	18	12
13	20	13
14	21	14

5. Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starflýsingu eða viðvarandi verksviði hans á stofu skal hann fá

hækkun launa meðan á því stendur. Gera skal tímabundinn sérsamning um starfsskyldur og greiðslur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 18 mánuði á 24 mánaða tímabili á þessum kjörum verða þau varanleg.

6. Endurmat starfskjara

Einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin sameiginlega og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækunar á röðun hans innan ramma skv. gr. 3-4 í samningi þessum og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfaflokks (starfsheiti). Yfirmaður boðar enn fremur hvern starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið hans.

7. Endurmat röðunar

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla núgildandi kjarasamnings.

8. Gildistími

Stofnanasamningur þessi tekur gildi frá 1. janúar 2012

9. Endurskoðunarákvæði

Samningur þessi verði endurskoðaður þegar annar hvor samningsaðili óskar.


Egilsstöðum 14.1.2013

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands bs.


Arni Kristinsson, varaformaður heilbrigðisnefndar

Reykjavík, 17.1.2013

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Páll Halldórsson, formaður FÍN